



Stúdentaráð Háskóla Íslands

## Framkvæmdaáætlun alþjóðanefndar 2024-25

### Stoðþjónusta

Aðgengilegar og auðskiljanlegar upplýsingar geta skipt sköpum fyrir erlenda nemendur. Gott upplýsingaflæði er nauðsynlegt, sérstaklega fyrir einstaklinga sem eru að kynna Háskóla Íslands í fyrsta skipti. Háskóli Íslands býður upp á fjölbreytta þjónustu en til þess að hún nýtist sem best þarf að tryggja gott aðgengi.

| Markmið      | Aðgerðir   |
|--------------|--|
| Efni á ensku | <ul style="list-style-type: none"><li>• Passa að allt efni birt á Student.is sé þýtt á ensku</li><li>• Alþjóðanefnd skal standa fyrir skipulögðum viðburðum fyrir erlenda nema í gegnum starfsárið með það að markmiði að efla félagslíf þeirra á Íslandi</li><li>• Þýða SHÍ efni yfir á ensku: Alþjóðafulltrúi og Alþjóðanefnd sér til þess að fundargerðir Stúdentaráðs séu þýddar yfir á ensku, eftir að upprunaleg fundargerð hefur verið samþykkt, ef óskað er eftir því.</li></ul> |

## Nýnemavika

Markmið nýnemadaga er að kynna nemendum þá stoðþjónustu sem er í boði, hitta samnemendur og hjálpa þeim að aðlagast nýrri menningu. Dagskrá nýnemadaga er sérstaklega hugsuð fyrir skiptinema en allir alþjóðlegir nemendur eru velkomnir að taka þátt í kvöldviðburðum og göngum um háskólasvæðið.

| Markmið  | Aðgerðir  |
|--|---|
| Móttaka í Háskólabíó (Í samstarfi við Alþjóðasvið)             | <ul style="list-style-type: none"><li>● Alþjóðafulltrúi/alþjóðanefnd með kynningu</li></ul>   |
| Móttaka við Íþróttahús (Í samstarfi við Alþjóðasvið)           | <ul style="list-style-type: none"><li>● Alþjóðanefnd sér um að skipuleggja. (Bóka DJ &amp; Panta veitingar)</li><li>● Fá rektor og forseta Stúdentaráðs til að vera með ávarp</li></ul> |
| Sér viðburðir fyrir skiptinema                                 | <ul style="list-style-type: none"><li>● Mentor Mingle (þar sem skiptinemar eiga tækifæri á að kynnast sínum mentor og sínum mentor-hóp.)</li></ul>                                      |
| Viðburðir fyrir alla alþjóðanema skólands (a.m.k. 3 viðburðir) | <ul style="list-style-type: none"><li>● Speed-friending á Háskólatorgi</li><li>● Bar-hopp</li><li>● Karaoke kvöld</li><li>● Icebreaker Bingo</li><li>● Annað?</li></ul>                 |
| Samstarf við ESN með viburði                                   | <ul style="list-style-type: none"><li>● Fá ESN til að aðstoða við okkar viðburði og/eða til að halda sér viðburði í nýnemaviku.</li></ul>   |
| Ganga um Háskólasvæðið (e. Guided Tour Around Campus)          | <ul style="list-style-type: none"><li>● Vera með 3 göngur um háskólasvæðið.</li></ul>   |

## Alþjóðadagar

Alþjóðlegir dagar HÍ eru haldnir árlega til að leggja áherslu á fjölbreytt tækifæri nemenda, kennara og starfsfólks sem skapast með virkri þátttöku skólans í alþjóðlegu samstarfi.

| Markmið  | Aðgerðir   |
|--|--|
| Alþjóðatorg/International Festival (í samstarfi við Alþjóðasvið) | <ul style="list-style-type: none"><li>● Aðalviðburður Alþjóðlegra daga á Háskólatorgi</li><li>● Fulltrúar frá öllum Sendiráðum</li><li>● Alþjóðlegar stofnanir</li><li>● Rektor með ávarp</li><li>● Happraætti Alþjóðanefndar</li><li>● Alþjóðanefndar kynningarbás</li><li>● Aurora kynningarbás (Alþjóðafulltrúi og Aurora fulltrúi)</li></ul> |
| Halda viðburði í lok hvers dag ( 3 viðburðir)                    | <ul style="list-style-type: none"><li>● Karaoke</li><li>● Pub-Quiz</li><li>● Internatoinal Food Potluck</li></ul>  |

## Jafnréttisdagar

Hugmyndin með Jafnréttisdögum er að þeir hjálpi til við að skapa umræðu um jafnréttismál og að gera þau sýnileg innan sem utan skólans. Á Jafnréttisdögum gefst fólki tækifæri á að kynnast því starfi og þeim hugmyndum sem hafa verið að gerjast í jafnréttismálum í háskólasamfélaginu. Þemað í ár er "Hatur og mismunun".

| Markmið   | Aðgerðir  |
|---|---|
| Vinnustofa Alþjóðanefndar   | <ul style="list-style-type: none"><li>Alþjóðanefnd mun vera með vinnustofu tengt Alþjóðamálum</li></ul> |
| Pallborð um hatursorðræðu á netinu (í samstarfi við jafnréttisnefnd SHÍ og Q-félag hinsegin stúdenta) | <ul style="list-style-type: none"><li>Nánari upplýsingar síðar</li></ul>                                |

## Stuðningur við alþjóðanema í fullu námi

Þjónusta fyrir alþjóðanema í fullu námi hefur verið takmörkuð hjá Alþjóðasviðinu þar skiptinimum fer fjölgandi með árunum. Alþjóðanemar í fullu námi eiga til að mynda ekki rétt á mentorum, eins og skiptinernarnir, og er ekki gert ráð fyrir þátttöku á viðburðum á Nýnemavíkunni. Samkvæmt námsráðgjöfum og félagsráðgjöfum skólans er þetta hópur sem upplifir gríðarlega einangrun. Því vill Alþjóðanefndir leggja áherslu á veita þessum hópi aukinn stuðning.

| Markmið                | Aðgerðir   |
|------------------------|--|
| Félagslegur stuðningur | <ul style="list-style-type: none"><li>• T.d.</li><li>• Koma á mentora-kerfi (mögulega með ESN)</li><li>• Halda reglulega viðburði</li><li>• Auka sýnileika ESN sem er með vikulega viðburði</li><li>• Safna í skjal mismunandi félagshópum/viðburðum, t.d. klúbbar, íþróttafélög eða opnir viðburðir sem Alþjóðafulltrúi/Alþjóðanefnd getur bent nemendum á.</li></ul> |

## Nemendapátttaka (e. Student Engagement)

Aurora samstarfsnet evrópskra rannsóknarháskóla sem vinnur að kennsluþróun og nýsköpun í starfsemi háskóla. Innan Aurora er starfandi stúdentaráð, þar sem Alþjóðafulltrúi situr í stjórn og Aurora fulltrúi situr í ráðinu. Á hverju ári er kosið um megináherslu sem stúdentaráðið vinnur að yfir skólaárið, og í ár er það Nemendapátttaka.

| Markmið   | Aðgerðir   |
|---|--|
| Auka þáttöku Alþjóðanema í félagslífi Háskólans | <ul style="list-style-type: none"><li>• Auglýsa viðburði SHÍ á ensku og hvetja þá til að mæta</li></ul>  |
| Fjölbreyttir viðburðir                          | <ul style="list-style-type: none"><li>• Halda fjölbreytta viðburði svo þeir höfði til sem flestra.</li></ul>   |
| Skoðanakannanir á samfélagsmiðlim.              | <ul style="list-style-type: none"><li>• Setja inn reglulegar skoðanakannanir á samfélagsmiðla og leyfa þannig nemendum að hafa áhrif á ákvarðatöku varðandi viðburði eða önnur mál sem Alþjóðanefnd vinnur að.</li></ul> |

## Samstarf Alþjóðanefndar og ESN

ESN (Erasmus Student Network) eru stofnun stúdenta sem skipuleggur frístundastarf fyrir alla alþjóðlega nemendur, eða aðra nemendur sem hafa áhuga á alþjóðastarfi.

Alþjóðafulltrúi situr í stjórn ESN.

| Markmið                | Aðgerðir   |
|------------------------|--|
| Viðburðir og Sýnileiki | <ul style="list-style-type: none"><li>Alþjóðanefnd skal aðstoða ESN við viðburði, hvort sem varðar skipulagningu eða auglýsa störf þeirra.</li></ul> |
| Mentora-kerfi          | <ul style="list-style-type: none"><li>Fara í samstarf með ESN varðandi Mentorakerfi til að geta veitt fleiri nemendum þann stuðning.</li></ul>       |

## Hagsmunamál Alþjóðanema

*Alþjóðanefnd telur að atvinnuleyfi ætti að vera veitt sjálfkrafa samhliða dvalarleyfi námsmanna. Þetta myndi stórbæta lífsgæði þessara nemenda sem og draga úr vinnuálagi Útlendingastofnunar og Vinnumálastofnunar.*

| <i>Markmið</i>                       | <i>Aðgerðir</i>   |
|--------------------------------------|---|
| <i>Atvinnuleyfi nemenda utan EES</i> | <ul style="list-style-type: none"><li>• <i>Halda áfram með það sem var unnið að í fyrra.</i></li><li>• <i>Útfæra skoðanakannanir og skýrslu með ítarlegum tillögum</i></li><li>• <i>Funda með fulltrúa í dómsmálaráðuneytinu.</i></li></ul> |



## Samfélagsmiðlar

*Instragram:*

*@internationalcommitteeui*

*FaceBook:*

*International Students at the University of Iceland*

*Exchange Studentst at the University of Iceland 2024-2025*

| <i>Markmið</i>              | <i>Aðgerðir</i>  |
|-----------------------------|--|
| <i>Vera virk og sýnileg</i> | <ul style="list-style-type: none"><li>• <i>Alþjóðanefnd skal skipa samfélagsmiðlastjóra sem er yfir samfélagsmiðlum nefndarinnar</i></li><li>• <i>Alþjóðanefnd skal birta efni a.m.k. einu sinni í viku um störf nefndarinnar og auglýsa viðburði.</i></li></ul> |